

**Nd.**

**519. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3, 13. mars 1891, um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. (þingskj. 376).

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er hingað komið frá hv. Ed. Ef það verður að lögum, þá verður lögum nr. 3, 13. mars 1891, breytt að þessu leyti:

1) Rjettur til þess að fá útmældar lóðir, án þess að vilji eiganda komi til greina, yrði eigi bundinn við lóðir í *kaupstöðum* eða *löggiltum kauptúnum*,

eins og nú er samkv. l. 1891. 1. gr., heldur næði hann einnig til lóða í »veiðistöðvum«, þótt eigi sjeu löggilt kauptún.

2) Rjettur til lóðaútmælingar yrði eigi bundinn við það, að maður ætlaði að nota lóð til *verslunar*, eins og nú er samkv. 1. gr. nefndra laga, heldur tæki hann einnig til lóða, er fá á útmældar til að »reka þar iðnað eða sjávarútveg«, eins og frv. greinir.

Takmörkun sú, er frumv. þetta hefir að geyma á eignhelgi manna, (er því tvenns konar.

Um fyrra atriðið er það að segja, að þar fer rjettartakmörkunin í þá átt, að heimila þeim, er hygst að byrja verslun í *veiðistöð*, þótt eigi sje löggilt kauptún, að taka þar lóð án leyfis eiganda. En eftir gildandi lögum er honum þar óheimil fastaverslun, sjá opið brjef 28. des. 1836, 2. gr., og lög nr. 28, 7. nóv. 1879, 2. gr. Að þessu leyti byggist frv. á röngum grundvelli; það ætlast til eignartöku og afnota á verðmæti, sem eigi verður að lögum notað til þess, sem ætlast er til. Verslun er eigi heimilt að hefja í *veiðistöð*, sem eigi er jafnframt löggilt kauptún, því að ekkert bendir til þess, að tilgangurinn sje að breyta gildandi löggjöf um það efni.

Um síðara atriðið skal það sagt, er nú skal greina: Þó að almennings nauðsyn hafi heimtað það að taka lóðir einstakra manna í löggiltum kauptúnum til *verslunar*, þegar lög nr. 3, 13. mars 1891, voru sett, til þess að verslun mætti innlend verða, verslunarsamkepnir hefjast og sveitum umhverfis skapaðist hagræði af því, þá verður eigi leidd af því sú ályktun, að takmarkanir í þá átt, sem í frv. segir, á eignarhelgi manna, sjeu leyfilegar. 50. gr. stj. skr. 5. jan. 1874 leyfir því að eins eignarnám, að almenningsheill heimti. Nefndin fær eigi sjeð, að almenningsheill heimti það alment, að sá, er segist ætla að setja upp *iðnað* í kaupstað, löggiltu kauptúni eða *veiðistöð*, skuli eiga rjett á að láta taka eignarnámi handa sjer hverja þá óbygða lóð, sem honum kynni að lítast vel á og annar maður á. Það verður eigi annað sjeð en að það væri beint gerræði og fullkomið brot á anda 50. gr. stj. skr., ef löggjafarvaldið heimilaði slíkt, og mundi slíkt heimild verða stórkostlega vanbrúkuð og eignarrjettur borgara ríkisins verða svo óvarinn, að ópolandi væri. Ef maður á t. d. góða lóð, sem hann ætlar síðar að nota sjálfur, en hefir enn eigi haft fõng til eða hefir eigi í bili, þá mætti hann búast við því, að annar maður, sem gírnist lóðina, heimti eignarnám á henni sjer til handa, af því að hann ætli að setja þar upp trjesmiðju, skósmiðju, vjelasmiðju, saumastofu o. s. frv.

Af framangreindum rökum getur nefndin ekki ráðið háttv. deild til að samþykkja frumv. eins og það nú er. Hins vegar dylst nefndinni það eigi, að nauðsyn beri til að veita útvegs mönnum heimild í þá átt, er frv. greinir. Svo er víða ástatt í verstöðum, að einstakir menn hafa umráð yfir, til eignar eða afnota, miklum eða jafnvel öllum lóðum, sem til útvegs eru hæfar. Setja þeir mönnum þá sumstaðar afarkosti um notkun slíkra lóða, eða jafnvel bægja þeim frá með öllu. En almenningsheill krefur þó, að greitt sje fyrir þessum atvinnuvegi svo sem verða má. Sýnist því rjett að veita heimild til að fá lóðir útmældar til útvegs, hvort sem umráðamaður lóðar hefir áður fengið forræði á henni til eignar eða afnota að eins. En einsætt er, að hvergi sje meira að

slikum útmælingum gert, eða frammar á annara eignhelgi gengið en brýn þörf krefur, sbr. reglur nr. 61, 1. maí 1891 (Stjt. 1891, B. bls. 69).

Nefndin verður því að bera upp breytingartillögur við frumvarpið, er valda því, að orða verður það um, og er nægilega gerð grein fyrir aðalbreytingunum hjer áður. Þess má að eins geta, að einsætt þykir, að mat á endurgjaldi og framkvæmd eignarnámsins skuli fara eftir almennum reglum um framkvæmd eignarnáms, þar á meðal um yfirmat, að því leyti sem eigi er öðru vísi fyrir-mælt í frv. sjálfu. Af þessu leiðir aftur, að samræmis vegna verður að breyta 4. gr. laga nr. 3, 13. mars 1891. Sömu leiðis þarf 5. gr. breytingar við, því að ákvæði hennar um kaup matsmanna fer í bága við löggjöf vora nú. Þykir því hentast að nema úr gildi lög nr. 3, 13. mars 1891, með öllu.

Samkvæmt þessu ber nefndin upp við frv. svo felðar

## BREYTINGARTILLÖGUR.

### 1. 1. gr. frv. orðist svo:

Rjett er hverjum þeim, sem heimilt er að lögum að versla hjer á landi, að fá sjer útmældar óbygðar lóðir í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnnum til verslunar. Sama rjett eiga sjávarútvegsmenn, búsettir hjer á landi, til að fá sjer útmældar lóðir í kaupstöðum, löggiltum kauptúnnum og veiðistöðvum til útvegs. Bæði þeim, er lóðina eiga í löggiltu kauptúni eða veiðistöð eða stórar óbygðar lóðir í kaupstöðum, og öðrum, sem önnur lögmæt rjettindi eiga yfir landinu eða lóðunum, er skylt að láta af hendi svo mikla óbygða lóð, sem þörf er á til fyrirhugaðrar verslunar eða sjávarútvegs, enda sje lóðin eigi nauð-synleg til verslunar, sjávarútvegs eða iðnaðar, sem þar er fyrir.

### 2. 2. gr. orðist svo:

Sá, er neyta vill rjettar þess, er í 1. gr. getur, skal beiða lögreglustjóra skriflega útmælingar. Skal og dómkveðja 2 þar til hæfa menn, og ákveður lögreglustjóri með þeim lóð þá, sem þörf er á og taka má til atvinnureksturs samkvæmt 1. gr. Að því loknu skulu hinir dómkvöddu menn meta lóðina til sölu, ef sá, sem lóð er tekin frá, æskir þess, að hún verði til eignar tekin, en til leigu, ef hann æskir þess, að hún verði tekin til leigu, enda ákveður lög-reglustjóri með hinum dómkvöddu mönnum leigutímann. Um mat og fram-kvæmd eignarnáms fer að öðru leyti að lögum.

Nú er lóð tekin til afnota að eins, og er þá hvorum aðilja rjett að krefjast mats á lóðarleigu af nýju á hverjum 10 ára fresti.

### 3. Eftir 2. gr. komi 5 nýjar greinar (er verði 3., 4., 5., 6. og 7. gr.) svo látandi:

#### 3. gr.

Það skal með öllu bannað að leggja þá kvöð á lóðir eða húseignir í kaupstöðum, löggiltum kauptúnnum eða veiðistöðum, að eigi megi nota þær til verslunar eða annarar tiltekinnar atvinnu.

4. gr.

Þótt einstakir menn kunni að eiga höfn þá, sem löggilt kaupþún er við, mega þeir eigi bægja neinum frá að leggja skipum sínum þar við akkeri, nje frá aðgangi að höfninni til þess að terma eða afferma skip, að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við bryggjuafnot sjálfra þeirra, og eigi má landeigandi heldur varna stjórnarvöldum eða einstökum mönnum að gera hringa, landfestar eða önnur skipsfesta-áhöld þar á höfninni, þar sem svo hagar til, að þess konar áhöld eru nauðsynleg. Ef einstakir menn eiga höfn, skipalægi eða uppsátur í veiðistöð, mega þeir eigi heldur meina öðrum mönnum að leggja þar fiskiskipum sínum eða nota uppsátur eða önnur lendingargögn, nema í bága komi við afnot sjálfra þeirra, nje heldur banna öðrum að gera þar lendingabætur eða aðrar umbætur, sem nauðsynlegar eru sjávarútvegi þar. Hafnabætur og lendinga má þó að eins gera eftir tilvísun lögreglustjóra, og kveður hann með sjer 2 þar til hæfa menn, sem kunnugir eru hafnarlegu og lendingarstað. Endurgjald til handa landeiganda fyrir nám hafnar hans eða uppsáturs til eignar eða afnota og afnot hafnargagna og lendinga fer eftir lögum um eignarnám.

Nú notar einhver hringa, landfestar eða önnur skipsfestaráhöld, eða lendingartæki, sem hann hvorki á nje hefir umráð yfir, og ber honum þá tafarlaust að láta áhöldin laus við eiganda eða umráðamann, þegar skip þeirra þurfa á þeim að halda, að viðlögðum 20 kr. sektum fyrir hvern dag, er hann lætur fyrirfarast að sleppa áhöldunum, og bæti þar að auki alt það tjón, er af því kann að leiða, að hann ljet þau ekki laus þegar í stað.

Skip það, er notar heimildarlaust hafnartæki eða lendingartæki annars manns, og farmur þess, er að veði fyrir sektum og skaðabótum.

5. gr.

Fyrir útmælingar eftir 1. og 4. gr. skal beiðandi greiða lögreglustjóra, auk ferðakostnaðar, 6 krónur á dag. Um kaup matsmanna fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

6. gr.

Lög þessi ná ekki til Reykjavíkur.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3, 13. mars 1891.

4. Orðin: »Í stað 1. og 2. gr. . . . kaupþúnum o. fl.« í upphafi frv. hverfi

5. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kaupþúnum o. fl.

Alþingi, 18. ágúst 1917.

Einar Arnórsson,  
formaður og framsögum.

Magnús Guðmundsson,  
skrifari.

Einar Árnason.

Einar Jónsson.

Pjetur Ottesen.